



Fréttabréf Brekkuskóla

1. desember 2016
4. tbl. skólaárið 2016- 2017
Ábyrgðamenn: Stjórnendur

Ágæta skólasamfélag.

Desembermánuður er tími umhyggjunnar þar sem dyggðir eins og vinátta, gleði, samhygð og hjálpssemi eru gjarnan hafðar í heiðri. Þetta eru dyggðir sem við í skólanum viljum gjarnan halda í heiðri alla mánuði skólaársins. Við skipuleggjum ýmsa viðburði með þetta í huga og má þar nefna vinaverkefni sem var á yngsta stigi nú í lok nóvember og lesa má um hér á næstu síðu.

Desember er líka tími bókarinnar þegar gefnar eru út ógrynnin öll af bókum og þjóðin leggst í lestur. Þessu tímabili tökum við fagnandi í skólanum enda leggjum við mikið upp úr lestri og viljum gera allt til að auka áhuga á lestri hjá nemendum okkar. Við leyfum nemendum að hafa áhrif á það hvaða bækur eru keyptar inn á Skólabókasafnið með því að leggja fyrir þá könnun. Safnið stendur fyrir leik þar sem nemendur lesa fimm jólabækur og draga sér jólasvein að honum loknum og fá jólasveinaskjal afhent. Við höfum fengið rithöfunda í heimsókn og eigum von á fleiri heimsóknum til okkar í desember. Má nefna að Arnar Már Arngrímsson handhafi norrænu barna- og unglingsbókaverðlaunanna var gestakennari í 9. og 10. bekk í tilefni af degi íslenskrar tungu þar sem þemað var rím og rapp. Allt þetta og meira til styður við það verkefni sem við stöndum frammi fyrir og er að auka hæfni nemenda okkar í læsi. Við hvetjum ykkur til að nýta tímann framundan til gæðastunda með börnunum ykkar og að taka ykkur bók í hönd með þeim.



Með von um ánægjulega aðventu

Litlu jólin - 21. desember 2016

Fristund opnar kl.08:00 fyrir nemendur sem þar eru skráðir.

Nemendur í **2., 4., 7. og 9. bekk** mæta klukkan **08:00** í heimastofur. Klukkan 09:00 koma þeir á sal skólans, þar sem verður dansað í kringum jólatré. Skóladegi lýkur milli klukkan 9:30 og 10:00 og Fristund opnar fyrir nemendur sem þar eru skráðir.

Nemendur í **3., 6., og 8. bekk** mæta klukkan **09:00** í heimastofur. Klukkan 10:00 koma þeir á sal skólans, þar sem dansað verður í kringum jólatré. Skóladegi lýkur milli klukkan 10:30 og 11:00 og Fristund verður opin fyrir nemendur sem þar eru skráðir.

Nemendur í **1., 5. og 10. bekk** mæta klukkan **10:00** í heimastofur. Klukkan 11:00 koma þau á sal skólans, þar sem dansað verður í kringum jólatré. Skóladegi lýkur milli klukkan 11:30 og 12:00. Fristund verður opin fyrir nemendur sem þar eru skráðir. Starfsdagur verður þriðjudaginn 3. janúar. Kennsla hefst á nýju ári samkvæmt stundaskrá þann **4. janúar 2016**.

Erasmus +



Brekkuskóli ásamt fimm öðrum skólum í Evrópu taka þátt Erasmus + verkefni sem ber yfirskriftina Learn Create and Communicate. Einn liður í verkefninu er að senda jólagjafir til þátttökulandanna. 5. og 6. bekkur fengu það verkefni að teikna eitthvað táknrænt fyrir jólin á Íslandi og vinna það áfram á flík. Sú mynd sem var valin er af jólakettinum og er eftir Ingimar Skjöldal nemanda í 5. bekk. Nemendur í 6. bekk fengu svo það hlutverk að prenta myndina á stuttermaboli.



Brekkuskóli

v/Skólástíg
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brekkuskoli.is

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir



Desember 2016 - Janúar 2017

				1. Gúllas, kartöflumús, grænmeti og ávextir	2. Gufusoðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	3.
4.	5. Plökkfiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	6. Pizza, salat og ávextir	7. Steiktur fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	8. Lasagne, brauð, salat og ávextir	9. Grjónagrautur slátur og ávextir	10.
11.	12. Hakk og spaghettí, brauð, salat og ávextir	13. Fiskibollur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	14. Lambasnitsel, kartöflur, sósa, grænmeti og ávextir	15. Fiskiréttur í ofni, kartöflur, salat og ávextir	16. Rjónalögud súpa, brauð, álegg og ávextir	17.
18.	19. Gufusoðinn fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	20. Hakkbuff, kartöflur, sósa, salat og ávextir	21. Litlu jólin Frístund opin	22. Jólaleyfi Frístund opin	23. Þorláksmessa Jólaleyfi	24. Aðfangadagur jóla
25. Jóladagur	26. Annar í jólum	27. Jólaleyfi	28. Jólaleyfi	29. Jólaleyfi	30. Jólaleyfi	31. Gamlaársdagur.
1. Gleðilegt nýtt ár 2016	2. Frí	3. Starfsdagur Frístund lokað f. h.	4. Fyrsti kennsludagur eftir jólaleyfi	5.	6. Þrettándinn	7.

Vinaverkefni hjá 1. - 3. bekk.

Fyrsti, annar og þriðji bekkur unnu að sameiginlegu vinaverkefni í tilefni af alþjóðlegum degi gegn einelti. Um-sjónarkennarar voru búnir að lesa bókina „Má ég vera memm“ eftir Hörpu Lúthersdóttur. Unnið var með vináttuna, mikilvægi þess að eiga vin og hvað við getum gert í skólanum til þess að öllum líði vel og enginn sé útundan. Börnin unnu í árgangablönduðum hópum og aðstoðuðu hvert annað eftir þörfum. Hóparnir fóru inn í stofur hjá öllum árgöngum og unnu þrjú mismunandi verkefni. Unnið var vináttutré, ávextir í ávaxtakörfu og með hjartapörfina (það að tilheyra). Afrakstur vinnunnar, falleg orð og teikningar, má sjá á myndunum sem hér fylgja.

Ávaxtakarfan



Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir